



## Erindisbréf áhættunefndar Íslandsbanka hf.

Stjórn Íslandsbanka hf. skipar áhættunefnd í samræmi við 78. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Áhættunefnd sinnir ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn Íslandsbanka, m.a. vegna mótnar og innleiðingar á áhættustefnu og áhættuvilja bankans. Verkefni áhættunefndar ná til móðurfélagsins, dótturfélaga þess og samstæðunnar í heild sinni.

### 1. Samsetning og skipan

- 1.1. Áhættunefnd skal skipuð þremur stjórnarmönnum bankans hið minnsta. Starfsmenn bankans og dótturfélaga skulu ekki eiga sæti í nefndinni.
- 1.2. Nefndarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að móta áhættustefnu og áhættuvilja bankans.
- 1.3. Stjórn bankans skal skipa áhættunefnd og formann hennar innan eins mánaðar frá aðalfundi bankans.

### 2. Fundir nefndarinnar og starfshættir

- 2.1. Áhættunefnd skal koma saman eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og oftár eftir þörfum. Fundir nefndarinnar geta farið fram í gegnum síma eða vefmyndavél sé það nauðsynlegt. Til að fundur sé ályktunarbær þurfa að minnsta kosti tveir nefndarmenn að sitja fundinn. Meirihluta atkvæða þarf til að samþykkja tillögur.
- 2.2. Framkvæmdastjóri áhættustýringar skal, í samvinnu við formann áhættunefndar, undirbúa dagskrá fundar sem ásamt fundargögnum skal vera aðgengileg nefndarmönnum á vef stjórnar fyrir fundi.
- 2.3. Nefndin skal skipa ritara til ritunar fundargerða. Samþykkt fundargerð skal vera undirrituð af nefndarmönnum sem sátu fund ásamt ritara. Hafi nefndarmaður ekki setið fund þarf hann að staðfesta með undirskrift sinni á fundargerð að hafa kynnt sér efni hennar.
- 2.4. Fundargerðir nefndarinnar og fundargögn skulu vera aðgengileg stjórnarmönnum tímanlega fyrir stjórnarfundi, og þegar þörf krefur, og skulu allir stjórnarmenn fá sömu upplýsingar.
- 2.5. Framkvæmdastjóri áhættustýringar skal taka þátt í fundum áhættunefndar. Áhættunefnd skal bjóða öðrum stjórnendum, starfsmönnum eða aðilum utan bankans á fundi sína til upplýsingagjafar eftir þörfum.
- 2.6. Við framkvæmd starfa sinna skal áhættunefnd hafa víðtækan aðgang að gögnum frá áhættustýringu. Getur nefndin óskað eftir skýrslum og greinargerðum frá áhættustýringu eða öðrum aðilum innan bankans ef þörf krefur.
- 2.7. Nefndin getur kallað sérfræðinga, sem eru óháðir bankanum og daglegum stjórnendum bankans, til ráðuneytis um þau málefni sem heyra undir nefndina á kostnað bankans. Skal nefndin ganga úr skugga um óhæði slíkra sérfræðinga.
- 2.8. Formaður nefndarinnar skal sjá til þess að nýir nefndarmenn fái leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar.



### 3. Upplýsingagjöf og tillögur til stjórnar

- 3.1. Á hverjum reglulegum stjórnarfundum skal nefndin upplýsa stjórn bankans um störf sín, álitafni sem hún hefur haft til skoðunar og tillögur þeim tengdar undir dagskrárliðnum „upplýsingar af nefndarfundum“.
- 3.2. Nefndin skal að lágmarki árlega gefa stjórn félagsins yfirlit um helstu viðfangsefni nefndarinnar á starfsárinu.
- 3.3. Áhættunefnd ber að framkvæma árangursmat á störfum nefndarinnar, einstakra nefndarmanna og samsetningu nefndarinnar eigi sjaldnar en árlega og upplýsa stjórn um niðurstöður matsins.
- 3.4. Áhættunefnd skal yfirfara og endurmeta erindisbréf nefndarinnar að minnsta kosti einu sinni á þriggja ára fresti, kalla eftir samþykki stjórnar fyrir framlögðum breytingum og tryggja að slíkar breytingar séu kynntar á viðeigandi hátt í samræmi við viðeigandi lög og reglur.
- 3.5. Auk þeirra verkefna sem sérstaklega eru talin upp í erindisbréfi þessu getur stjórn bankans falið áhættunefnd að skoða og fylgja eftir hverskonar álitafnum varðandi áhættustýringu Íslandsbanka. Nefndin getur jafnframt tekið slík álitafni upp að eigin frumkvæði.
- 3.6. Nefndin skal gera tillögur til stjórnar varðandi álitafni sem nefndin hefur orðið vör við í tengslum við ábyrgðarsvið sitt og telur að ættu að koma til skoðunar hjá stjórn bankans.

### 4. Hlutverk áhættunefndar

Hlutverk áhættunefndar er eftirfarandi:

- 4.1. **Stefnuskjöl um áhættu og áhættustýringu**
  - 4.1.1. Að yfirfara árlega stefnuskjal bankans um áhættustýringu og innra eftirlit (e. Risk Management and Internal Control Policy), tillögur að breytingum á stefnuskjalinu og leggja til samþykktar fyrir stjórn.
  - 4.1.2. Að yfirfara árlega yfirlýsingu bankans um áhættuvilja (e. Risk Appetite Statement), tillögur að breytingum á yfirlýsingunni og leggja til samþykktar fyrir stjórn.
  - 4.1.3. Að yfirfara árlega önnur stefnuskjöl bankans sem fjalla um áhættu og áhættustýringu, sér í lagi með tilliti til þess hvort þau fjalla á fullnægjandi hátt um alla lykil-áhættuþætti í starfsemi bankans, yfirfara tillögur að breytingum á stefnuskjölunum og leggja til samþykktar fyrir stjórn. Undir þennan lið falla bæði fjárhagslegir og ófjárhagslegir áhættuþættir.
- 4.2. **Innra mat á eiginfjár- og lausafjárbörf og endurbótaáætlun**
  - 4.2.1. Að yfirfara umgjörð bankans fyrir innra mat á eiginfjárbörf og lausafjárbörf, tillögur að breytingum og leggja til samþykktar fyrir stjórn.
  - 4.2.2. Að yfirfara tillögur til samþykktar fyrir stjórn varðandi niðurstöður innra mats á eiginfjárbörf bankans (e. ICAAP) og innra mats á lausafjárbörf bankans (e. ILAAP) ásamt skýrslu bankans til Fjármálaeftirlitsins um niðurstöður þessa mats.
  - 4.2.3. Að yfirfara tillögur til samþykktar fyrir stjórn varðandi endurbótaáætlun bankans, tilsvarendi sviðsmyndir og endurbótavalkosti.



### 4.3. Álagspróf

- 4.3.1. Að yfirfara umgjörð bankans fyrir álagspróf, framkvæmd og kynningu á niðurstöðum og leggja til samþykktar fyrir stjórn.
- 4.3.2. Að fara yfir niðurstöður stærri álagsprófa og gera tillögur að samþykkt stjórnar um aðgerðir í tilefni af þeim niðurstöðum ef nauðsyn ber til.

### 4.4. Umgjörð áhættustýringar og áhættumörk

- 4.4.1. Að yfirfara skilvirkni áhættustýringar- og eftirlitsferla bankans, þar með talið að áhættumatslíkön og umgjörð bankans fyrir greiningu og stýringu á áhættupáttum séu fullnægjandi og taki til allra áhættupátta í rekstri bankans og gera tillögur til stjórnar að úrbótum ef nauðsyn ber til.
- 4.4.2. Yfirfara skilvirkni eftirlitskerfis bankans með hlítni við lög og reglur ásamt niðurstöðum athugana stjórnenda og eftirfylgni (þ.á.m. viðurlögum) í tilefni af tilvikum þar sem þeim er ekki fylgt.
- 4.4.3. Að leggja mat á, í samvinnu við framkvæmdastjóra áhættustýringar, hvort nægjanlegum fjármunum og tíma sé varið í virka áhættustýringu og áhættumat þannig að innan fyrirtækisins sé yfirsýn yfir helstu áhættupætti.
- 4.4.4. Að yfirfara tillögur varðandi fjárhagsleg markmið sem tengjast áhættustýringu s.s. markmið um arðsemi, ávöxtunarkröfu á eigið fé eða eiginfjárstýringu.
- 4.4.5. Að yfirfara tillögur veita stjórn ráðgjöf varðandi samþykkt útlánamörk fyrir einstaka áhættuflokka.
- 4.4.6. Að yfirfara tillögur vegna annarra sérstakra áhættumarka sem talin eru nauðsynleg t.d. tengt tilteknum vörum eða mótaðilum.
- 4.4.7. Að yfirfara verklagsreglur og gera tillögur að samþykkt stjórnar varðandi hæstu lánamörk fyrir einn stakan lántakanda (eða hóp af tengdum lántakendum) miðað við áhættuflokk og skilgreiningu á því hvað teljist hópur tengdra lántakenda.
- 4.4.8. Að yfirfara tillögur varðandi tímabundnar auknar heimildir til handa yfirlánanefnd bankans (e. senior credit committee) fyrir tiltekna hópa tengdra viðskiptavina. Slíkar heimildir skulu vera rökstuddar og skjalfestar með skýrum tímaramma.
- 4.4.9. Að yfirfara tillögur varðandi lánamörk aðila sem fara með virkan eignarhlut í bankanum.
- 4.4.10. Að yfirfara tillögur vegna afskriftarstefnu og afskriftaferlis bankans þar með talið tillögur varðandi afskriftir útlána, með hliðsjón af hlítni við útlánastefnu bankans.
- 4.4.11. Að yfirfara upplýsingar frá framkvæmdastjóra áhættustýringar um hvort verðlagning á skuldum og eignum sem boðnar eru viðskiptavinum bankans séu í samræmi við viðskiptalíkan bankans og áhættustefnu. Ef verðlagning er ekki talin í samræmi við viðskiptalíkan og áhættustefnu skal nefndin yfirfara tillögur að úrbótum og gera tillögu að úrbótaáætlun fyrir stjórn til samþykktar.
- 4.4.12. Að yfirfara tillögur varðandi mörk á gjaldeyris-, lausafjár-, verðtryggingar- og vaxtaáhættu bankans.
- 4.4.13. Að hafa yfirsýn yfir áhættu vegna afleiðna og annarra fjármálagerna utan efnahagsreiknings í starfsemi bankans.
- 4.4.14. Að yfirfara tillögur um mörk varðandi eigin bankans í eigin hlutabréfum.



4.4.15. Að hafa eftirlit með því að ráðstafanir bankans um varnir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka séu fullnægjandi.

#### 4.5. Upplýsingagjöf og áhættuskýrslur

4.5.1. Að fara reglulega yfir áhættusnið bankans samanborið við áhættuvilja.

4.5.2. Að yfirfara viðeigandi áhættumælikvarða og ákvarða eðli, magn, form og tíðni þeirra upplýsinga um áhættu sem nefndin og stjórn bankans þurfa að fá til að sinna eftirlitsskyldu sinni.

4.5.3. Fara yfir niðurstöður úr athugunum eftirlitseininga og ytri eftirlitsaðila vegna skorts á hlítmi við viðeigandi lög og reglur.

4.5.4. Fá að lágmarki hálfárslega kynningu á starfsemi Regluvörslu og yfirfara niðurstöður athugana hennar.

4.5.5. Að yfirfara skýrslu framkvæmdastjóra áhættustýringar um hvort hvatar í launakerfi bankans taki með fullnægjandi hætti mið af áhættu, eiginfjárstöðu, lausafjárstöðu og væntum tekjum, og beina tilmælum til stjórnarháttá-, starfskjara- og mannauðs-nefndar bankans þar að lútandi.

#### 4.6. Önnur mál

4.6.1. Áhættunefnd skal funda reglulega án framkvæmdastjóra áhættustýringar og annarra starfsmanna bankans til að ræða störf sín.

4.6.2. Einu sinni á ári skal áhættunefnd funda með innri endurskoðanda, án annarra stjórnenda og starfsmanna. Þar sem hann kynnir niðurstöður sínar varðandi virkni áhættustýringar og innra eftirlits í bankanum.

Samþykkt á stjórnarfundi 29. september 2023

Linda Jónsdóttir,  
Stjórnarformaður

Helga Hlín Hákonardóttir,  
Formaður áhættunefndar

*Þetta skjal kemur í stað fyrri útgáfu sem er dagsett 11. mars 2021*